

Villt umræða um laxeldi

Blaðgrein Morgunblaðinu, 25. janúar 2014. Jón Örn Pálsson.

Ekki er ljóst af hvaða hvötum menn finna sig knúna til að fara í fjölmiðla með rangar og villandi upplýsingar um umhverfisáhrif laxeldis. Þar fer fremstur í flokki Orri Vigfússon, sem stýrir verndarsjóði villtra laxastofna. Málstaður hans er göfugur, en framganga Orra og fullyrðingar um skaðsemi sjókvíaeldis á laxi eru ekki til framdráttar hans málstað. Hér verður í stuttu máli reynt að svara fullyrðingum sem fram hafa komið og reynt að beina umræðunni í betri farveg.

Fullyrðing 1

Laxeldi í sjó er hættulegasta matvælaframleiðsla í heimi. **Rétt er:** Fiskar hafa kalt blóð, eins og sagt er, og er blóðhitinn ávallt jafn sjávarhita. Þess vegna þarf mun minni orku til að framleiða hvert kíló af fiski en nautakjöti eða svínakjöti. Til að framleiða fisk berst þrisvar sinnum minna af úrgangsefnum út í umhverfið en við kjötframleiðslu. Aðeins grænmetisræktun er umhverfisvænni er fiskeldi. Tölur frá norsku Vatnsfræðistofnuninni ([www.niva.no](#)) sýna að köfnunarefni sem berst í sjó frá norskum landbúnaði er 60% af því magni sem berst frá fiskeldi þrátt fyrir að framleidd séu 1.300.000 tonn af laxi og silungi, en kjötframleiðslan sé aðeins 300.000 tonn.

Fullyrðing 2

7.000 tonna laxeldi mengar jafn mikið og 160.000 manna byggð. **Rétt er:** Fyrir hvert tonn af laxi skilst um 40 kg af köfnunarefni í sjó. Köfnunarefni er fremur takmarkandi í hafinu og eðlilegt að miða við það. Það tekur tvö ár að framleiða lax til slátrunar, svo árlega berast um 20 kg í hafnið fyrir hvert framleitt tonn. Gegnum skolpkerfið berast 5 kg af köfnunarefni árlega frá meðalmanneskju. Sem sagt: skolp frá fjórum mönnum jafngildir úrgangi frá einu tonni af laxi. 7.000 tonna laxeldi samsvarar því 28.000 manna íbúðabyggð, en ekki 160.000.

Fullyrðing 3

Landeldi á laxi hefur minni umhverfisáhrif en sjókvíaeldi. **Rétt er:** Orkukostnaður vegna sjódælingar veldur því að landeldi er mjög óhagkvæmt í samanburði við sjókvíaeldi. Jafnvel þó að orku sé aflað með vatnsaflsvirkjunum eru umhverfisáhrif uppistöðulóna of mikil til að réttlæta slíka orkusóun. Úrgangsefni frá fiski í landkerjum eru þau sömu frá fiski í kvíum.

Fullyrðing 4

Laxeldi hefur útrýmt villtum laxi úr 100 norskum laxveiðiám. **Rétt er:** Laxeldi í sjókvíum hefur ekki valdið því að villtur lax hefur horfið úr einni einustu norskri á. Norskur lax hefur hoptað eða horfið alveg úr tugum áa í Suður-Noregi. Skýringa er að leita í tveimur ástæðum; (1) súrt regn myndar eitraðar álsameindir og leiðir til súrnunar vatns sem eyðileggur uppvaxtarskilyrði laxins í ánum og (2) sníkjudýrið *Gyrodactylus salaris* leggst harkalega á smáseiði og drepur í miklum mæli. Þetta sníkjudýr barst til Noregs með laxaseiðum frá Svíþjóð fyrir 40 árum, sem var sleppt í norskar ár í nafni fiskræktar.

Fullyrðing 5

Hrygning eldislaxa stórskaðar ratvísi og veiðar á villtum laxi. **Rétt er:** Staðfest er að til að breyta erfðamengi á villtum laxastofni þarf stöðugt innstreymi á eldislaxi til fjölda ára og það ættu laxveiðimenn að hafa í huga, þegar þeir eru að reyna að auka sölu á veiðileyfum með árlegum seiðasleppingum af vafasömum uppruna. Úr norsku laxeldi sleppa um 0,07% af útsettum laxaseiðum og það er tilviljanakennt hvar það gerist. Áhrif frá stöku hrygningu frá eldislaxi á erfðamengi villtra laxastofna hefur aldrei komið fram, enda hefur eldislax mjög skerta hæfileika til að lifa af og fjölga sér í villtri náttúru, samhliða því að erfðafesta villtra laxastofna í stærri laxveiðiám er mjög mikil í tíma og rými. Um þetta efni má fræðast ítarlega á vefsíðu norsku Hafrannsóknastofnunarinnar, [www.imr.no](#).

Fullyrðing 6

Fiskeldi og ferðaþjónusta geta ekki farið saman. **Rétt er:** Fiskeldi og ferðaþjónusta eru hvort tveggja landsbyggðagreinar. Forsenda ferðaþjónustu er góð grunnþjónusta. Á Vestfjörðum og Austfjörðum getur

fiskeldi styrkt grundvöll þjónustugreina árið um hring. Það má sjá staðfest á sunnanverðum Vestfjörðum, þar sem ferðaþjónusta styrkist í kjölfar uppbyggingar laxeldis. Sama þróun hefur átt sér stað hjá okkar nágrennaþjóðum.

Sjókvíældi á laxi byggist á hátækni og þekkingu. Hérlendis nýtur atvinnugreinin þeirra forréttinda að geta lært af mistökum annarra þjóða. Mikilvægt er að laxeldið hér verði kynslóðaskipt, sem fyrirbyggir m.a. að laxalús valdi tjóni. Ný lög eru væntanleg um fiskeldi. Þar er tekið mið af fjölþættum umhverfissjónarmiðum, sem mun styrka atvinnugreinina til sjálfbærni. Ísland hefur græna ímynd í huga flestra þjóða og þeirri ímynd skulum við viðhalda með framleiðslu matvæla á umhverfisvænan hátt.

Höfundur er þróunarstjóri hjá Fjarðalaxi (M.Sc í sjávarútvegsfræði).